

LÖG

um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu
til opinbers starfsmanns.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú hefur starfsmaður lögaðila gefið, lofað eða boðið opinberum starfsmanni gjöf eða annan ávinning til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem tengist opinberum skyldum hans í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í þágu lögaðilans og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt. Sama gildir ef slíku er beint að erlendum opinberum starfsmanni eða starfsmanni opinberrar alþjóðastofnunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „15 ára“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: 17 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1998.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Páll Pétursson.